

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartafna og grænmetis, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:

Gullauga (Helga).
Rauðar íslenzkar.
Möndlukartöflur.
Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

II. flokkur:

Rya.
Eiginheimer.
Alpha.
Dir. Johannson.
Ackersegen (Akurblessun).
Gular íslenzkar.
King Edward.
Júli.
Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemmvaxnar tegundir, eru flokkaðar í II. flokk fram til 20. september, en sem III. flokks kartöflur eftir þann tíma:

Skaan.
Saga.
Eva.
Pontiac.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. marz 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.